

Mál nr. 1/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 9. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda dagsettu 26. janúar 2010 sem barst siðanefnd 1. mars er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í þriggung. Annars vegar með því að para Retriever hundinn Z og tíkina ZZ án þess að hundarnir væru með gild augnvottorð. Hins vegar með því að para tíkina XX við hundinn XXX án þess að niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndun tíkarinnar væru kunn. Í þriðja lagi fyrir að para tíkina YY við hundinn YYY án þess að augnvottorð lægi fyrir. Kærandi hafði áður sent kærðu bréf vegna kæruefnanna auk þess sem kærðu var sent afrit kærunnar. Siðanefnd barst því afrit fyrri bréfaskrifa milli aðila sem og bréf kærðu til kæranda í tilefni kærunnar dagsett 28. janúar. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. mars og henni gefinn frestur til að andmæla til 6. apríl. Samhliða sendi siðanefnd afrit af fyrrgreindu bréfi kæranda dagsettu 28. janúar og þeim veittur sami frestur til andmæla. Kærandi svaraði bréflega 10. mars. Kærða svaraði ekki innan frestsins og því var henni sent afrit af bréfi kæranda og að nýju veittur frestur til andmæla til 17. maí. Þann 15. maí barst bréf frá kærðu sem sent var kæranda til umsagnar. Kærandi sá ekki tilefni til að svara efnislega og óskaði eftir að málið yrði unnið áfram. Í framhaldinu boðaði siðanefnd til sáttafundar sem upphaflega skyldi haldinn 31. maí, en þeim fundi var frestað að beiðni kæranda. Siðanefnd hefur í framhaldinu reynt að hafa sáttafund með aðilum en illa tekist að finna hentugan tíma. Hefur málsmeðferðin dregist nokkuð af þeim sökum. Var að endingu haldinn sáttafundur 2. nóvember þar sem aðilar mættu og reifuðu sjónarmið sín. Ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem nefndin taldi að öll gögn um málið lægu fyrir og þau sjónarmið sem máli skiptu væru komin fram, þá var málið tekið til úrskurðar.

## II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kæra máls þessa varðar þrjár paranir. Þá fyrstu 11. desember 2006, þegar Retriever hundurinn Z var paraður við tíkina ZZ án þess að hundarnir væru með gild augnvottorð. Kærða er eigandi beggja hundanna. Vottorð vegna hundsins var dagsett 8. maí 2004 og var því tveggja ára og sjö mánaða við þörun. Vottorð vegna tíkarinnar var dagsett 13. nóvember 2004 og var því ríflega tveggja ára við þörun. Kærandi telur að ofangreind háttsemi feli í sér brot á grundvallarreglum fyrir félagsmenn þar sem ekki hafi legið fyrir gild augnvottorð fyrir hundana. Með kærinni fylgdi afrit af bréfi kæranda til kærðu dagsett 14. ágúst 2007 þar sem bent er á ofangreint brot, kærða hvött til að fylgja ræktunarreglum HRFÍ og farið fram á skriflega greinargerð frá kærðu vegna málsins. Af gögnum málsins fæst ekki séð hvort kærða skilaði slíkri greinargerð en hún fylgir ekki með kærinni. Í bréfi kærðu til kæranda og dagsett er 28. janúar 2010 bendir kærða á að fyrir hundinn hafi legið fyrir augnskoðunarvottorð frá 20. maí 2006 sem þannig hafi verið fullgilt þegar hann var paraður við tíkina. Varðandi tíkina segir kærða að meðeigandi hennar C hafi borið ábyrgð á að annast skoðanir á tókinni sem hafi verið sameign þeirra á þessum tíma. Samkomulag hafi verið milli þeirra þar um. Tíkin er skráð sameign þeirra beggja. Kærða gerði sér auk þess grein fyrir ábyrgð sinni enda kannast hún við undirritun sína á þörunarvottorð.

Þá er kært fyrir að augnvottorð íslensku fjárhundar tíkarinnar YY hafi ekki legið fyrir þegar hún var 5. júlí 2007 þöruð við hundinn YYY. Kærandi telur að kærða hafi þannig gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Með kærinni fylgdi bréf kæranda til kærðu dagsett 5. desember 2007 þar sem bent er á að augnskoðunarvottorð hafi vantað þegar þörun fór fram og að það sé brot á reglugerð um skráningu í ættbók, reglum sérdeilda varðandi íslenskan fjárhund. Í bréfinu er kærða hvött til að fylgja ræktunarreglum HRFÍ og kærðu vísað á vefsíðu félagsins þar sem finna mætti upplýsingar um gildandi reglur. Einnig var farið fram á að kærða sendi inn skriflega greinargerð vegna málsins. Kærða svaraði erindinu bréflega 7. janúar 2008. Í bréfinu eru rakin samskipti aðila sem ekki er ástæða til að rekja hér en kærða bendir á að hún sé ekki eigandi tíkarinnar heldur sé það B. Kærandi hefur staðfest að þetta er rétt hjá kærðu og fellst því á að fella niður kærana að þessu leyti.

Í þriðja lagi er kært vegna þörunar Retriever tíkarinnar XX við hundinn XXX sem átti sér stað 17. ágúst 2009 en niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum lágu ekki fyrir á þeim tíma. Kærða hefur í bréfi sínu til kæranda lýst því yfir að hún telji það á ábyrgð starfsmanna skrifstofu kæranda að niðurstöður lágu ekki fyrir þegar þörun fór fram. Þannig hafi hún farið í

myndatökuna 9. júlí 2009 og hafi daginn eftir grennslast fyrir hvort myndirnar yrðu ekki strax sendar til Noregs í aflestur. Starfsmaður skrifstofu hafi játað því. Í því samtali hafi komið fram að kærða hyggðist para tíkina um miðjan ágúst. Kærða telur að vegna mistaka á skrifstofu kæranda sem ekki hafi komið fram skýring á hafi ekki verið lesið af mjaðmamyndum tíkarinnar fyrr en 3. október 2009 og olnbogamyndum 9. október 2009. Ljóst sé að myndirnar hafi verið á skrifstofu HRFÍ svo vikum skipti. Í andsvörum kæranda er það skýrt að starfsmaður skrifstofu hafi verið í sumarleyfi þegar myndirnar bárust en þær hafi verið sendar út 6. ágúst 2009, þremur vikum eftir að þær bárust. Kærandi kveðst ekki geta borið ábyrgð á afgreiðslu norska hundaræktarfélagsins en tekur undir að það hafi tekið langan tíma. Það breyti hins vegar ekki þeirri staðreynd að félagsmenn verði að hafa niðurstöður kunnar fyrir pörun á undaneldisdýrum. Í bréfi kærðu til kæranda dagsettu 28. janúar 2010 og síðanefnd fékk afhent með kærinni koma ennfremur fram mótmæli kærðu við því að tvö þriggja ára gömul mál séu nú fyrst kærð til síðanefndar.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun.

Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Retriever að augnvottorð megi ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Enn fremur segir að undaneldisdýr skuli mynduð á mjöðmum og olnbogum og niðurstaða skuli vera kunn við pörun. Samkvæmt framangreindu hefur kærða því gerst brotleg við reglur sérdeilda varðanda tegundina þar sem augnvottorð vantaði bæði fyrir hund og tik í hennar eigu við pörun þann 11. desember 2006. Þá gerðist kærða brotleg þegar hún paraði tíkina XX án þess að niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum væri kunn.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að kærða hefur í tvígang parað án þess að hafa tilskilin vottorð. Hvað varðar niðurstöður úr mjaðma- og olnbogamyndum er ekki hægt að horfa fram hjá því að kærða fór í myndatöku rúmum mánuði fyrir fyrirhugaða pörun og er það metið henni til málsbóta. Þá eru

annað brotanna þriggja ára gamalt og skrifstofan hafði þegar sent bréf til kærðu vegna þess. Þykir því ekki ástæða til að ganga lengra en veita kærðu áminningu.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Herdís Hallmarsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir